

Nd.

### 349. Breytingartillögur

[20. mál]

við frv. til laga um loftferðir.

Frá samgöngumálanefnd.

1. Við 3. gr. Í stað orðsins „flugmálaráðherra“ í c-lið gr. komi: ríkisstjórninni.
2. Við 28. gr. Orðin „unz bætt er úr spjöllum samkvæmt reglum, er ráðherra setur. Annars helzt ógildingin“ í næstsíðustu málsgrein falli niður.
3. Við 33. gr. Í stað orðsins „verkvísun“ komi: sérfróðum — og í stað „verkvísa“ komi: sérfróða.
4. Við 52. gr.
  - a. Á eftir 1. mgr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Flugstjóri og flugverjar, sem teljast til áhafnar loftfara, svo og flugumferðarstjórar, mega ekki neyta áfengis síðustu 18 klukkustundir, áður en störf eru hafin, né heldur meðan þeir eru að starfi. Varðar það að jafnaði missi skirteinis um stundarsakir, þó eigi skemur en 3 mánuði, eða fyrir fullt og allt, ef sakir eru miklar eða brot ítrekað.
  - b. Aftan við greinina bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um lágmarkshvildartíma flugmanna til að tryggja fyllsta öryggi.
5. Við 56. gr. 1. másl. orðist svo:

Flugöryggisþjónustu skal veita loftferðum til öryggis og léttis.
6. Við 84. gr. Aftan við fyrri mgr. bætist orðin: þar á meðal um farm- og fargjöld.
7. Við 140. gr. 3. mgr. orðist svo:

Skyllt er flugmálaráðherra að skipa rannsóknarnefnd kunnáttumanna til að kanna orsakir flugslyss, ef manntjón hefur orðið.
8. Við 142. gr. Fyrri mgr. orðist svo:

Nú hefur flugslys orðið á íslenzku yfirráðasvæði, og má hvorki hreyfa né nema á brott loftfarið, hluta þess, innihald þess né verksummerki slyssins, unz rannsókn er lokið, enda hafi lögregla í samráði við rannsóknaraðila eigi leyft það.
9. Við 144. gr. Upphaf 1. mgr. orðist svo:

Þá er rannsókn er lokið, skal svo fljótt o. s. frv.
10. Við 150. gr. Í stað „39. gr.“ í 1. mgr. komi: 33. gr.
11. Við 184. gr. 8. mgr. falli niður.
12. Við 190. gr. Greinin orðist svo:

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 32/1929 og lög nr. 24/1945. Þó skulu halda gildi sínu 1. mgr. 27. gr., 30. gr., 36. gr. og 40. gr. laga nr. 32/1929, svo og lög um breyting á þeim lögum, nr. 49/1947.